

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Munkapverárklosturskirkju fardaga-árið 1891—92.

Tekjur:

1. Fasteignartíund af 91,6 hndr. 27,5 ál. á 50 ¹ / ₂ eyr.	13 89
2. Lausafjártíund af 289 hndr. 87 ál. á 51 eyr.	44 37
3. Ljóstollar 30 ¹ / ₂ , hver 4 pd. tólgar = 122 pd. á 26 ¹ / ₂ eyr.	32 33
4. Legkaup 1 ¹ / ₂ = 9 ál. á 51 eyr.	4 59
Alls	kr. 95 18

Gjöld:

1. Til ljósa sem venjulega 12 pd. tólgar á 26 ¹ / ₂ eyr.	3 18
2. Ljósakveykir og kertasteypa	1 18
3. Fyrir umsjón og þvott á kirkjunni	10 66
4. Til altarisgöngufólks	1 77
5. Stearinkerti handa kirkjunni	36 70
6. Endurskoðun reiknings þessa 4 ál. á 50 ¹ / ₂ eyr.	1 52
7. Fyrir 2 stálspáða, 3 bekki, aðgerð á klakahöggi og við altarið	24 00
8. Borgað í landssjóð	16 17
Alls	kr. 95 18

Skrifstofu Norður og Austuramtsins 30. maí 1893.

J. Havsteen.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um hlunn-

14. júní. indi handa sparisjóði. — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 8. þ. m. og samkvæmt heimild þeirri, sem landshöfðingjanum er veitt í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, veiti jeg hjermeð sparisjóði Vestur-Barðarstrandarsýslu um 5 ára tímabil fyrst um sinn, er teljist frá 1. júlí næstkomandi, öll þau hlunnindi, er ræðir um í nefndri tilskipun, þó með þeim skilyrðum, að upphæð ábyrgðar þeirrar, er sett hefur verið fyrir sjóðnum, skerðist eigi, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje vandlega gætt og að send sje landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikningi hans, er sje hagað eptir reglum þeim er út hafa verið gefnar (sjá stjórnartíðindin B. 1892 bls. 257—59); svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kann að verða gjörð á lögum sjóðsins og frá því, ef skiptir um ábyrgðarmenn sjóðsins samkvæmt 3. gr. laganna.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður, að tilkynna sýslumanninum í Barðastrandarsýslu til birtingar fyrir forstöðunefnd »Sparisjóðs Vestur-Barðastrandarsýslu«.

EMBÆTTASKIPAN OG SÝSLANA.

Hinn 30. d. júnímánaðar var prestaskólakandidat *Sigurður Jónsson* af landshöfðingja skipaður prestur í *Þönglabakkaprestakalli* í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, eptir að tilögu hlutaðeigandi safnaða hafði verið um það leitað.

Hinn 13. júní veitti landshöfðingi læknaskólakandidat *Sigurði Magnússyni* styrk sem aukalækni í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði, í stað læknaskólakandidats Odds Jónssonar, er áður hafði notið þar aukalæknisstyrks.